

Reykjavík, 24. mars 2022

HEIMSMEISTARAMÓTIÐ Í SKYLMINGUM UNGLINGA OG UNGMENNA



YFIR 1000 KEPPENDUR FRÁ 100 LÖNDUM

Dagana 2. – 10. apríl n.k. verður Heimsmeistaramót unglunga (U17, 17 ára og yngri) og ungmenna (U20, 20 ára og yngri) í skylmingum haldið í Dubai, í Sameinuðu Arabísku Furstadæmunum. Tveir unglingar á aldrinum 16 til 18 ára hafa verið valdir til þátttöku fyrir hönd Íslands og keppa þeir í skylmingum með höggsverði og stungusverði.

Þrátt fyrir ungan aldur eru þetta allt margverðlaunaðir skylmingarmenn bæði hérlendis sem og erlendis enda eru hér bæði Íslandsmeistarar og Norðurlandameistarar á ferðinni.

Það er mikill heiður fyrir Ísland og íslenskt skylmingarfólk að fá að taka þátt í þessu sterka og umfangsmikla heimsmeistaramóti og ekki síður er það mikill heiður fyrir þá einstaklinga sem valdir hafa verið til þátttöku í þetta skiptið. Mótið er geysi sterkt og ekki síst viðamikil en þátttakendur eru fleiri en 1000 frá 100 löndum. Keppt er bæði í flokki 17 ára og yngri og í flokki 20 ára og yngri.

HEIMASÍÐA KEPPNINNAR

DAGSKRÁ MÓTSINS

---)----- TEAM ICELAND -----(---

Fyrir hönd Íslands keppa:



Alexander Viðar, 5.3.2005

---)---- Höggsverð

Hann keppir 2. apríl í flokki 20 ára og yngri og 3. apríl í flokki 17 ára og yngri



Jakob Lars Kristmannsson, 31.3.2004

---)---- Höggsverð

Hann keppir 2. apríl í flokki 20 ára og yngri



Sævar Baldur Lúðvíksson

Þjálfari

Nánari upplýsingar veita:

Nikolay Mateev, gsm: 898 0533

Sævar Baldur Lúðvíksson, gsm: 894 1626